

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/58/17

frá 7. mars 2003

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun halons 1301 og halons 1211 (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 691)

(2003/160/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósónlaginu ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2039/2000 ⁽²⁾, einkum iv. lið 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu um notkun halons 1301 og halons 1211 við endurskoðunina, sem kveðið er á um í iv. lið 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000, og að höfðu samráði við hermálayfirvöld og aðra hagsmunaaðila.
- 2) Halon 1301 er notað sem sprengivörn á eldsneytisgeyma F-16 orrustuvéla. Sem stendur er ekki önnur lausn í sjónmáli sem unnt er að nota til að slökkva eld og kæfa sprengingu í rúmmálsþyngdarhlutfalli sem er ásættanlegt sem sprengivörn á eldsneytisgeyma orrustuvéla. Ólíklegt er að önnur lausn verði fundin og notuð í F-16 orrustuvélum í náninni framtíð og áreiðanlega ekki fyrir 31. desember 2003 þegar hættu verður allri notkun sem ekki hefur hlotið undanþágu skv. v-lið 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000. Því skal þessari notkun halons 1301 bætt í skrána yfir notkun halons í undanþágutíðvikum í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000.
- 3) Bæði halon 1301 og halon 1211 eru notuð til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum, Hins vegar nær undanþágan, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2037/2000, aðeins til notkunar halons 1301.

Kostnaðarsamt yrði að breyta herbúnaði þannig að hann notaði halon 1301 í stað halons 1211 og það ynni gegn því markmiði að vernda ósonlagið þar sem ósoneyðingarmáttur halons 1301 er meira en þrisvar sinnum meiri en halons 1211. Ef fjármagni yrði veitt í að breyta búnaði þannig að hann notaði halon 1301 myndi það þar að auki líklega tefja fyrir þróun annarra lausna sem eru ekki ósoneyðandi. Því skal þessari notkun halons 1211 til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum bætt í skrána yfir notkun halons í undanþágutíðvikum í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2037/2000 í samræmi við það.
- 5) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 8.3.2003, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 26.8.2004, bls. 12.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 26.

VIÐAUKI

Í stað VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 komi eftirfarandi:

*„VII. VIÐAUKI***Neyðarnotkun halona**

Notkun á haloni 1301:

- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými, og til að verja eldsneytisgeyma gegn sprengingu,
- til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
- til varna gegn sprengingu á mönnum svæðum hjá hernum, við olíu- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætt á að eldfimur vökvi og/eða lofttegundir leki út,
- til varna gegn sprengingu í mönnum fjarskipta- og stjórnunarstöðvum herafllans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,
- til varna gegn sprengingu á svæðum sem hætt er á að geislavirk efni dreifist um,
- í Ermarsundsgöngunum og tengdum mannvirkjum og járnbrautarvögnum.

Notkun á haloni 1211:

- til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
 - í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,
 - í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými,
 - í slökkvitækjum, sem skipta sköpum varðandi öryggi manna, sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,
 - í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á fólk.“
-